

Greinargerð vegna mannabeina sem fundust á Arnarstapa á Snæfellsnesi (málsnúmer 313-2022-016756).

Fornleifastofnun Íslands, FS935-20332 / 2023

Hildur Gestsdóttir

Þann 3. ágúst 2022 fann ferðamaður mannabein við tjaldstæðið á Arnarstapa við Arnarfell á Snæfellsnesi. Málið var tilkynnt lögreglu sem fór á vettvang. Í ljós kom að um var að ræða neðri kjálka úr manni sem lá í hjólförum á svæði sem nýtt er til losunar á úrgangsjarðvegi af verktökum. Mátti sjá að jarðvegi hafði nýlega verið sturtað á svæðið. Við leit fundust tvö önnur bein um 3 m frá kjálkanum. Í ljós kom að svæðið hafði verið mikið notað sumarið 2022 þegar jarðvegi var mokað upp við stytta af Bárði Snæfellsás og á sumarbústaðalóð við Sölvaslóð 14, Arnarstapa.¹ Skýrsluhöfundur var fengin til að greina beinin til að kanna hvort um væri að ræða mannabein og hvort skera megí úr hve lengi þau hefðu legið í jörðu. Þegar beinin bárust á Fornleifastofnun Íslands voru þau í hvítum pappakassa sem fóðraður hafði verið með pappírspurrkum. Smávegis jarðvegur var á sumum beinunum.

Beinalisti

- Neðri kjálki (munaskrá nr. 167581, munanúmer: 533418). Heillegur en ytra beinið aðeins flagnað. Allar tennur utan hægri augntönn og báðar framtennur sem allar dottið hafa úr eftir andlát. Efri hluti beins er litaður brúnn, neðri og innri hluti hafa veðrast og hvítnað.
- Leikandi, efsti hálsliður (munaskrá nr. 167581, munanúmer: 533419). Neðri hluti beins er litaður brúnn, efri hluti hefur veðrast og hvítnað.
- Brot af hægri rifbeini, haus (munaskrá nr. 167581, munanúmer: 533418). Beinið hefur allt veðrast og hvítnað.

Beinin eru öll úr fullvöxnum einstaklingi. Minnsti mögulegur fjöldi einstaklinga (MNI)² úr þessu safni er einn. Þó er ómögulegt að segja til um hvort beinin séu öll úr sama einstaklingi.

¹ Ísak Atli Hilmarsson, 2022; Björn Ásgeir Sumarliðason, 2022.

² McKinley, 2004.

Kyn


Kyngreinandi einkenni³ á kjálkanum benda til þess að þessi einstaklingur hafi verið kvenkyns.

Lífaldur

Eyðing tannglerungs⁴ bendir til þess að þessi kona hafi verið yngri en 30 ára þegar hún lést.

Aldursgreining

Brot úr hægri rifbeini var sent í kolefnisgreiningu þar sem ekki varð úr skorið með vissu hvort um fornleifar væru að ræða. Niðurstöður þeirrar greiningar voru að hægt var að aldursgreina beinið með 95,4% vissu til tímabilsins 1528-1916, og þá 88,3% líkur að það sé frá tímabilinu 1622-1891 (sjá Mynd 1).



Mynd 1. Niðurstöður kolefnisgreiningar á rifbeini.

³ Buikstra & Ubelaker, 1994.

⁴ Brothwell, 1981.

Aðrar athugasemdir

Tennurnar í kjálkabeininu bera þess merki að þessi kona hafi verið með töluverðan tannstein, og svonefndar Harris-línur í tannglerungi sýna að hún hafi liðið skort eða verið veik sem barn.⁵

Beinin bera þess merki að hafa legið á yfirborði í töluverðan tíma áður en þau fundust, þau höfðu hvítnað og veðrast. Þó má sjá á kjálkanum og leikandanum að þau hafi legið í moldu í einhvern tíma og þau hafi legið óhöggðu þar sem þau fundust, þar sem einungis hlutar þeirra höfðu hvítnað. Rifbeinið hefur þó eitthvað velkst um þar sem það var allt hvítnað. Þar sem svæðið þar sem beinin fundust var notað af verktökum til að losa jarðveg er líklegast að þessi bein hafi verið greftruð annars staðar, þeim raskað vegna framkvæmda og lent með úrgangsjarðvegi á þessu svæði.

Þar sem talið er að jarðvegurinn sem fluttur var á þetta svæði hafi komið frá jarðraski á Arnarstapa ber að nefna að í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* er sagt frá því að á Arnarstapa hafi verið hálfkirkja í tíð Matthíasar Guðmundssonar sýslumanns (f. um 1610 - d. 1671) en að hún hafi verið fallin þegar Jarðabókin er rituð árið 1709 og tóftarleifin grasgróin.⁶ Staðsetning kirkjunnar er ekki þekkt í dag,⁷ og ekki vitað hvort greftrað var við hana, en aldursgreining á beinunum útilokar ekki að þau séu frá þeim tíma er þessi kirkja stóð á Arnarstapa.

Heimildir

- Björn Ásgeir Sumarliðason. (4.8.2022). *Málsnúmer 313-2022-016756*. Óútgefin skýrsla, Lögreglustjórinn á Vesturlandi.
- Brothwell, D. 1981. *Digging up bones* (3 ed.). Oxford: Oxford University Press.
- Buikstra, J. E., & Ubelaker, D. H. 1994. Standards for data collection from human skeletal remains. *Vol. 44*. Fayetteville: Arkansas Archaeological Survey Research Series.
- Hillson, S. 1996. *Dental Anthropology*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Ísak Atli Hilmarsson. (5.8.2022). *Málsnúmer 313-2022-016756*. Óútgefin skýrsla, Lögreglustjórinn á Vesturlandi.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V. Hnappadals- og Snæfellssýsla*. 1933. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn.
- McKinley, J. I. 2004. Compiling a skeletal inventory: disarticulated and co-mingled remains. In M. Brickley & J. I. McKinley (Eds.), *Guidelines to the standards for*

⁵ Hillson, 1996, bls 165-167.

⁶ *Jarðabók*, 1933, bls 155.

⁷ Ragnar Edvardsson, 1999, bls 12.

recording human remains, nls 14-17. Reading: British Association for Biological Anthropology and Institute of Field Archaeologists.
Ragnar Edvardsson. 2001. *Fornleifar á Hellnum og Arnarstapa Aðalskráning*. Fornleifastofnun Íslands, FSo89-9903.

